


# Launamál þingmanna á Íslandi og í nokkrum nágrannaríkjum

Þorsteinn Magnússon  
aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis



# Þróun þingfararkaups

- Þingmennska hlutastarf langt fram á 20. öld.
  - Dagpeningagreiðslur.
- Þingmennska viðurkennt sem heilsársstarf 1964.
  - Þingmenn fá greitt fast mánaðarkaup.
- Þingmennska verður aðalstarf 1971.
  - Skert laun fyrir opinbert starf samhliða þingmennsku.

# Fyrirkomulag launaákvarðana

- Frá 1845-1980
  - Í 135 ár tóku þingmenn sjálfir ákvarðanir um launamál sín.
- Síðan 1980.
  - Ákvörðun um launakjör alþingismanna falin Kjaradómi og síðar kjararáði.

# Viðhorf til launamála þingmanna

- Verið deilt um launamál þingmanna alveg frá 1845.
  - Slíkar deilur verið rauður þráður í sögu Alþingis.
- Launamál þingmanna umræðuefni á Alþingi og utan þess.
- Tvær meginspurningar.

# Alþingi felur Kjaradómi að ákvarða laun þingmanna

- Þingmenn töldu lengi vel að eðlilegast væri að þeir tækju ákvarðanir um launamál sín.
- Vaxandi hljómgrunnur innan þings eftir 1970 að fela utanþingsaðila vald um launaákvörðunina.
- Jafnframt þó verulegar efasemdir innan Alþingis um breytingarnar.
- Engin viðmið við aðra hópa sett 1980.

# Íhlutun Alþingis í úrskurði Kjaradóms

- Talað um að hnekkja fyrsta úrskurði Kjaradóms um þingmenn 1981.
- Úrskurði Kjaradóms frá 26. júní 1992 hnekkkt með bráðabirgðalögum 3. júlí.
- Úrskurði Kjaradóms 19. des. 2005 hnekkkt með lögum 23. janúar 2006.

# Ákvarðanir um laun þingmanna í nokkrum nágrannalöndum (1)

- **Danmörk.**
  - Laun miðast við tiltekna launatöflu embættismanna ríkisins.
  - Launin endurskoðuð árlega og uppfærð samkvæmt launavísitölu opinberra starfsmanna.
- **Finnland.**
  - Utanþingsnefnd ákveður laun þingmanna. Skipuð af forsætisnefnd þingsins.
  - Ákvörðun nefndarinnar er endanleg og þingið getur ekki ógilt ákvörðunina.
- **Noregur.**
  - Utanþingsnefnd ákveður laun þingmanna. Skipuð af forsætisnefnd.
  - Launin endurskoðuð árlega.
  - Nefndin leggur ákvörðun sína fyrir þingið til samþykktar. Ákvörðun ætíð staðfest af þinginu.

# Ákvarðanir um laun þingmanna í nokkrum nágrannalöndum (2)

## ▪ Svíþjóð.

- Utanþingsnefnd ákveður laun þingmanna. Skipuð af forsætisnefnd þingsins.
- Ákvörðun nefndarinnar er endanleg og þingið getur ekki ógilt ákvörðunina.

## ▪ Bretland.

- Sérstök stofnun (IPSA) ákveður laun þingmanna. Launin eru endurskoðuð árleg.
- IPSA er skylt að hafa samráð við ýmsa aðila í þjóðfélaginu.
- IPSA birtir á vef sínum upplýsingar um allar greiðslur til hvers þingmanns föst laun, símakostnað, ferðakostnað, starfsmannakostnað o.s.frv.

## ▪ Þýskaland.

- Laun þingmanna eru miðuð við laun hæstaréttardómara. Launin eru endurskoðuð árlega og miðað við ákveðna vísitölu.



# Ísland og nágrannalöndin.

- Þrennt einkennir ákvarðanir um laun þingmanna í nágrannalöndum
  - Utanþingsnefnd tekur ákvörðun um laun þingmanna eða laun eru miðuð við tiltekna embættismenn ríkisins.
  - Ákvörðunum þessara „launanefnda“ er ekki breytt með íhlutun þings.
  - Laun þingmanna eru að jafnaði endurskoðuð (uppfærð) árlega.
- Ísland sker sig frá þessum ríkjum einkum að því leyti að hér hefur þjóðþingið hlutast til um úrskurði Kjaradóms.